

Gönguferðir 2015

Sjá upplýsingar um Styrktaraðila, öryggi, erfiðleikastig og fyrirkomulag NEDST á SÍÐUNNI

10. júní Grænavatn - Austurengjar ** O

Gengið frá Grænavatni að Austurengjahver sem er talinn vera einn stærsti gufuhver á Íslandi, hann myndaðist með miklum látum árið 1924. Gengið verður með Hverahlíð að Hvömmum og Austurengjarnar til baka.

Gangan tekur 2klst

17. júní Umhverfi Kleifarvatns **** →

Gengið verður frá Innra Nýjalandi meðfram sunnanverðu vatninu meðfram Gullbringu síðan ofan Vatnshlíðar að Lambhaga þaðan er gengið með ströndinni suður með vatninu, skoðaðir verða margir áhugaverðir staðir.

[ATH breyttan brottfarartíma](#)

[Lagt af stað kl 11:00](#)

Gangan tekur 6 – 7klst

24. júní Núpshlíðarháls *** →

Ganga með Guðmundi Ómari yfirjarðfræðingi HS Orku. Gengið frá Trölladyngju (Sogum) að Grænavatni og síðan suður allan Vesturháls a.m.k 5km leið að Stóra Hamradal – og jafnvel lengra suður ef veður verður sérlega gott á Jónsmessunni.

[ATH breyttan brottfarartíma](#)

[Lagt af stað kl 11:00](#)

Gangan tekur 5 – 6 klst.

Júlí

1. júlí

Gálgaklettar–Sundhnúkagígaröðin–Svartsengisfell

******* →

Gengið eftir gamalli hrauntröð uppundir mikinn hamravegg sem nefnist Gálgaklettar og þaðan yfir Sundhnjúk stærsta gýginn í samfelldri óraskaðri gígröð sem nefnist Sundhnúkagígaröðin, hún er á náttúruminjaskrá sem einstakt náttúruvætti.

Gengið verður áfram á Svartsengisfell 188m, ofan á fellinu er stór og myndarlegur gígur sem vert er að skoða auk útsýnisins yfir Illahraun, Bláa lónið og Eldvörpin.

Gangan tekur 3klst

8. júlí

Brauðstígur – Eldvörp – Húsatóttir

****** →

Gengið frá Eldvörpum út í Sundvörðuhraunið, skoðuð verða fallega hlaðin hraunbyrgi sem standa í hrauninu, saga þeirra er hulin ráðgáta og fær hópurinn tækifæri til að geta sér til um hvernig byrgin eru tilkomin.

Gangan tekur 2 – 3 klst.

15. júlí

Ósaboðnar – Merkines.

***** →

Gengið verður frá Ósaboðnum með ströndinni að Höfnum sagðar verða sögur af fólki og örnefnum gengið verður áfram að Merkinesi þar sem söngsytkinin Vilhjálmur og Ellí Vilhjálmsbörn ólust upp.

Árni Hinrik Árnason íbúi og áhugamaður um sögu Hafna verður með í för og segir frá áhugaverðum stöðum í gönguferðinni.

Gangan tekur 2-3 klst

22. júlí

Keilises

****** →

Gengið frá Flekkuvík og skoðuður rúnasteinn sem er talið vera á leiði Flekku sem víkin er nefnd eftir, þaðan verður gengið með ströndinni og skoðuðar varir, brunnar, stórgripagirðing o.fl gangan endar við Kálfatjarnarkirkju.

Gangan tekur 3 – 4 klst

29. júlí

Fiskidalsfjall og Húsafell

******* **O**

Gengið verður frá Siglubergshálsi upp á hæsta punkt Fiskidalsfjalls 195m. Einnig

verður gengið yfir Húsafjall sem er 172m á hæð.

Félagar úr Björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík verða með í för og segja frá björgunarafrækum og sögu Björgunarsveitarinnar.

Gangan tekur 3 – 4 klst

Ágúst

12. ágúst Þorbjörn



Gengið verður yfir Þorbjörn í gegnum tilkomumiklar gjár á toppi hans. Komið verður niður í skógræktinni á Baðsvöllum og þaðan verður gengið að Bláa Lóninu þar sem göngufólki verður boðið upp á hressingu.

Gangan tekur 3 – 4 klst

Gönguferðirnar eru í boði Bláa Lónsins, HS Orku og HS Veitna og eru öllum að kostnaðarlausu sem koma á eigin bílum.

Rútufargjald er kr 1500

ATH: Sumar gönguferðirnar hafa sama upphafs og endastöð en aðrar eru gengnar frá stað A til B og þá þurfa þau sem koma á eigin bílum að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

Erfiðleikastig og fyrirkomulag:

- * Stutt ganga, ekki mikið upp í móti Lengri ganga, ekki mikið upp í móti.
 - ** Fjallganga, lengri ganga og upp í móti.
 - *** Löng ganga, krefjandi ferð.
 - **** Ganga endar á upphafsstað.
- Gengið frá A til B.
- Ganga endar á upphafsstað.

Rúta fer í allar ferðirnar

Brottför, kostnaður og ábyrgð

- Brottför kl. 19:00 frá Hópferðum Sævars, Vesturbraut 12 Reykjanesbæ í allar ferðirnar og endar ferðin einnig þar.
- Tvær göngur hefjast fyrr, sjá rauðlitað í dagskrá.
- Kostnaður við rútuferð er kr. 1.000 pr. mann.
- Fólk getur einnig komið sér sjálft til og frá göngustað.
- Göngufólk er á eigin ábyrgð í gönguferðunum.

Öryggisatriði

Fararstjóri í öllum gönguferðum er Rannveig Lilja Garðarsdóttir
Símanúmer fararstjóra er 8938900

Félagar úr Björgunarsveitinni Suðurnes eru með í öllum gönguferðum sumarsins og taka þátt í að hafa yfirsýn yfir hópinn, sjá um skyndihjálparviðbrögð, eru ráðgefandi varðandi frávík í göngunni. Ef neyðartilvik verður sér björgunarsveitarfólk alfarið um að stýra aðgerðum.

Nota 112 appið ef göngufólk er með það í símanum. Kveikja á appinu í upphafi göngu. Appið gefur upp staðsetningu og auðveldar að ná í 112 ef þess gerist þörf.

Göngufólk meti eigið líkamlegt atgervi og komi ekki í gönguferð nema það treysti sér til.

Göngufólk er á eigin ábyrgð í gönguferðunum.

Leiðsögn fer fram á íslensku.

Aldrei skal yfirgefa hópinn. Við förum saman af stað og komum saman til baka. Ef af einhverjum ástæðum einhver þarf að fara skal láta fararstjóra vita, ástand er metið og viðkomandi fær fylgd til baka eða allur hópurinn snýr við.